DV Menning



Gunnar Karlsson – Smalastúlkan, olía á striga, 1985.

Einsær tvíæringur

FÍM-sýningin að Kjarvalsstöðum

Hinar risavöxnu haustsýningar FÍM virðast nú endanlega fyrir bí enda er nú nánast ógjörningur að bjóða hinum rúmlega eitt hundrað félagsmönnum til samsýningar einu sinni á ári hverju. Í staðinn eru FÍM-arar að prófa sig áfram með breytilegt fyrirkomulag á sýningum, með misjöfnum árangri.

Reynt hefur verið að halda samsýningar á tveggja ára fresti, efna til sérstakra boðsýninga, jafnvel óformlegra sumarsýninga, og nú stendur yfir sýning er nefnist „Tvíæringur FÍM 1987" að Kjarvalsstöðum.

Áður fyrr gerði maður talsvert miklar kröfur til hinna árlegu FÍM-sýninga, ætlaðist til þess að þær gæfu marktæka mynd af ástandi og horfum í íslenskri myndlist á hverjum tíma.

Nú, þegar meirihluti starfandi listamanna tekur ekki þátt í samsýningum FÍM, er auðvitað ekki nokkur leið að gera þessar kröfur til þeirra. Sem er út af fyrir sig alveg ágætt.

Þar með getur maður gaumgæft samsýningar FÍM með sama hugarfari og aðrar samsýningar úti í bæ, litið á þær sem tilviljunarkennt samansafn nýlegra myndverka af ýmsum toga, haft ánægju af góðum verkum en horft framhjá slökum.

Kurteisleg

Sýningarskráin upplýsir ekki hvernig staðið var að vali listamanna til þessa tvíærings nema hvað meira ber á yngri kynslóð FÍM-ara en á mörgum fyrri samsýningum félagsins.

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Alls eru sýnendur 29 talsins en verkin 97: málverk, teikningar, grafík, blönduð verk og skúlptúr.

Í heildina séð er þetta fremur kurteisleg sýning sem ekki ætti að koma neinum í opna skjöldu.

Ef undan skilin eru verk eftir þá Pétur Stefánsson og Bjarna Þórarinsson er varla hægt að segja að malerísk villimennska sé á dagskrá hjá sýnendum.

En það verður líka að segjast að á henni er fátt sem er beinlínis vont sem gefur tilefni til að álykta að sýningarnefndin hafi unnið starf sitt af kostgæfni.

Þótt engum komi hún í opna skjöldu eru á sýningunni verk sem koma ánægjulega á óvart.

Mér finnst til dæmis full ástæða til að bjóða Arnar Herbertsson velkominn til leiks með „and-helgi-myndir" sínar en nú eru mörg ár liðin frá því þessi sérstæði listamaður sýndi síðast verk sín.

Sigurður Örlygsson kemur líka hamramur út úr þessari sýningu. Þrjú glæný verk eftir hann hanga fyrir gafli í salnum. Þau eru framhald á flekunum miklu á einkasýningu Sigurðar í fyrra og benda til þess að listamaðurinn sé í æ ríkari mæli farinn að velta fyrir sér ráðrúmi í landslaginu.

Stílhrein og margræð

Það er líka nýnæmi að málverkum Margrétar Jónsdóttur sem virðist vera að þróa dálítið fjarstæðukennda myndveröld, ólíka öllu öðru sem málað er hér á landi.

Málverk Eyjólfs Einarssonar mynda einfalda en magnaða heild. Listamaðurinn virðist hafa lagt skæru litunum og kompónerar nú með dökku í dökkt.

Ása Ólafsdóttir er hér með verk úr blandaðri tækni sem hún sýndi áður í Galleríi Hallgerði. Þetta eru fíngerð, stílhrein og margræð verk sem eflaust þola talsverða stækkun.

Loks má ég til með að geta Sigurðar Þóris, sem er hér upp á sitt allra besta, Kristínar Jónsdóttur, sem sýnir lágvær og fölskvalaus ljóð úr ull, bleki og öðrum efnum, og Rutar Rebekku, sem er komin út úr þeirri formrænu spennitreyju sem hún notaði áður en málar nú frítt, mjúklega og með mikilli tilfinningu fyrir hinum margháttuðu blæbrigðum litanna.

Skúlptúrinn á sýningunni er ekki mikilla sanda en er þó engum til skammar.

Sem sagt, virðingarverð FÍM-sýning og gleðigjafi í vetrarveðrum.

-ai

LYFTARAR ATH! Nýtt heimilisfang

Eigum til afgreiðslu nú þegar mikið úrval notaðra rafmagns- og dísillyftara, ennfremur snúninga- og hliðarfærslur. Tökum lyftara upp í uppgerðan, leigjum lyftara, flytjum lyftara.
Varahluta- og viðgerðaþjónusta.
Líttu inn – við gerum þér tilboð.
Tökum lyftara í umboðssölu.



LYFTARASALAN HF.
Vatnagörum 16, símar 82770–82655.

NOTAÐIR BÍLAR
VELTIR VELTIR

VOLVOSALURINN
SKEIFUNNI 15, S. 35200



Volvo 245 GLT árg. 1982, ekinn 82.000 km, sjálfsk., m/vökvast., 6 cyl., 155 hö., rafmrúður, sportfelgur. Verð kr. 495.000,-



Volvo 244 GL árg. 1982, ekinn 51.000 km, sjálfsk., m/vökvast., blár. Verð kr. 420.000,-



Volvo 343 GLS árg. 1982. Ekinn 48.000 km. Blár metal, beinskiptur, sumar-/vetrardekk. Verð 290.000.-




Datsun Sunny station árg. 1984. Ekinn 54.000 km. Sjálfskiptur, blár metal. Góður bíll á góðum kjörum. Verð 350.000.-



Volvo 244 DL árg. 1982, ekinn 75.000 km, beinsk., m/vökvast., ljósbrúnn. Verð kr. 350.000,-



Volvo 245 GL árg. 1980, ekinn 82.000 km, sjálfsk., m/vökvast., ljósblár metal. Verð kr. 330.000,-



Volvo 244 DL árg. 1982, ekinn 75.000 km, beinsk., m/vökvast., beige, góður bíll á góðum kjörum. Verð kr. 350.000,-



Volvo 245 DL árg. 1982, ekinn 66.000 km, rauður, beinsk., m/vökvast., toppbíll. Verð kr. 415.000,-



Volvo 244 GL árg. 1982, ekinn 119.000 km, silfur metal, sjálfskiptur, m/vökvastýri. Verð kr. 390.000,-



Subaru 1800 GL station, árg. 1983, ekinn 83.000 km, rauður metal., beinsk., góð kjör. Verð kr. 370.000,-

Vegna mikillar sölu undanfarið vantar bíla á staðinn.

★ Nýjar hugmyndir.
★ Góð kjör.
★ Úrval notaðra bíla.
★ Heitt á könnunni.

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 9.00 TIL 18.00.
LAUGARDAGA FRÁ KL. 10.00 TIL 16.00.

VOLVOSALURINN
SKEIFUNNI 15, SÍMI 35200 – 35207.